ÓDÝRT Í BÍÓ Í REGNBOGANUM 750kr. allar myndir allar sýningar alla daga







AUKAKRÓNUR Þú færð 5 % endurgreitt í Regnboganum

Sími 551 9000 REGNBOGINN

| | | |
|---|---|---|
| Fast and Furious | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 12 ára |
| I love you man | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 12 ára |
| Dragonball | kl. 6 | B.i. 7 ára |
| Mall Cop | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | LEYFÐ |
| Marley and Me | kl. 8 - 10:20 | LEYFÐ |










750 KR. - ALLAR MYNDIR - ALLAR SÝNINGAR - ALLA DAGA

Nýtt í bíó










BORGARBÍÓ Sími 462 3500

AUKAKRÓNUR Þú færð 5 % endurgreitt í Borgarbíó

| | | |
|---|---|---|
| Crank 2: High Voltage | kl. 5:50 - 8 - 10 | B.i.16 ára |
| 17 Again | kl. 5.50 - 8 | LEYFÐ |
| Fast and Furious | kl. 10 | B.i.12 ára |

TILBOÐ Í BÍÓ * Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ

AUKAKRÓNUR Þú færð 5 % endurgreitt í Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Draumalandið | kl. 4 - 6 - 8 -10 | LEYFÐ | Frozen River ísl. texti | kl. 4 - 8 | B.i.12 ára |
| State of Play | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 ára | Man on Wire enskur texti | kl. 6 | LEYFÐ |
| Me and Bobby ísl. texti | kl. 4 | LEYFÐ | Young at Heart Ótextuð | kl. 10:10 | LEYFÐ |
| Gomorra ísl. texti | kl. 3:30 - 8 | B.i.16 ára | Wordplay ísl. texti | kl. 6 | LEYFÐ |
| Die Welle (The Wave) enskur texti | kl. 6 | B.i.12 ára | | | |
| Cocaine Cowboys 2 ísl. texti | kl. 10:30 | B.i.14 ára | | | |







Þú færð 5% endurgreitt í Borgarbíói, Smárabíói og Regnboganum og Háskólabíói ef þú


# Framtíðin er …

## Útskriftarsýning myndlistar-, hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ opnuð í dag



Morgunblaðið/RAX

**Saman** Hönnunardeildin stillti sér upp.

**Eftir Arnar Eggert Thoroddsen**
arnart@mbl.is

Viltu kaupa af mér mynd?“ spyr Emil Magnúsarson blaðamann þegar hann er við það að vippa sér inn á Kjarvalsstaði úr argandi sudda og rigningu. Emil er einn af þeim fjölmörgu nemendum Listaháskóla Íslands sem útskrifast í vor en árleg útskriftarsýning LHÍ verður opnuð í dag kl. 14.00. Emil stendur hins vegar utan við sýningarstaðinn og falbýður svarthvít málverk úr sendibíl. Málverkin eru greinilega viðbrögð við „ástandinu“, sjá má Björgólf Thor í góðum fíling með 50 cent og Ólaf Ragnar, búinn að líma fyrir munn Dorritar. Kreppan hefur greinilega ekki bara áhrif á sjálfa listina, heldur eru menn líka áfjáðir að koma henni út gegn smásalti í grautinn …

Er inn er komið má sjá nemendur leggja lokahönd á verk sín. Maður finnur hins vegar ekki fyrir óðagoti, andinn er eiginlega slakur enda sjá nemendur nú loks til hafnar eftir áralangt nám. Tómas Þorgeirsson, sem er að útskrifast af myndlistarbraut, sýnir verkið *Börn*. Aðspurður hvort hann sjái einhvern heildarbrag á sýningunni segir hann að hún virðist til muna samfélagstengdari en fyrri sýningar – eðlilega. Minna er um afstrakt á meðan mörg verkanna fela í sér einslags yfirlýsingar eða skilaboð. Núverandi ástandi andæft á kröftugan, táknrænan, *listrænan* hátt. Í sal arkitektúrdeildararinnar má t.a.m. sjá lítil módel af húsum og yfir þeim standa lampar. Hjá hönnuðunum prýðir einn vegginn Íslandskort, sundurklippt og staðfært.



**Holubúi** Haraldur Sigmundsson gægist í raunheima.

Bergdís Hörn Guðvarðardóttir